

6.5.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Frágangur handriðs

Í grein 6.5.3 í byggingarreglugerð segir:

„Þannig skal gengið frá handriðum bygginga að fullt öryggi sé tryggt. Op í handriði mega ekki vera meira en 89 mm að breidd upp að 0,80 m hæð frá gólfi eða frambrún þreps/ palls. Við þrep skal gæta þess sérstaklega að bil milli handriðs og þreps sé hvergi meira en 89 mm. Sama gildir um bil milli handriðs og stigapalls, svala o.p.h. sem og þar sem handrið kemur að vegg.

Sé handrið utanáliggjandi skal bil milli handriðs og stiga eða svalaplötu ekki vera meira en 50 mm.


Séu handrið gerð með láréttum eða hallandi rimlum, sem gefa möguleika á klifri, skal klæða slík handrið. Klæðning skal ná í a.m.k. 0,80 m hæð að innanverðu, frá gólfi eða frambrún þreps eða palls.

Á öllum glerhandriðum skal vera samfelldur handlisti með fullnægjandi festingum eða annar frágangur sem tryggir fullnægjandi fallvörn ef glerið brotnar.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

1. mgr. 6.5.3 gr.: Bil milli rimla í handriði eða milli handriðs og trappa sem er 89 mm eða minna á að tryggja að líkami barns komist ekki í gegnum það. Sjá mynd 1.




Mynd 1. Dæmi um op í handriði

- 2 Í 2. mgr. 6.5.3 gr. segir: „Sé handrið utanáliggjandi skal bil milli handriðs og stiga eða svalaplötu ekki vera meira en 50 mm.“




Mynd 2. Dæmi um bil milli utan á liggjandi handriðs og stiga eða svalaplötu



Mynd 3. Sneiðing A-A

- 3 Í 3. mgr. 6.5.3 gr. sefir: „Séu handrið gerð með láréttum eða hallandi rimlum, sem gefa möguleika á klifri, skal klæða slík handrið. Klæðning skal ná í að minnsta kosti 0,80 m hæð að innanverðu, frá gólfi eða frambrún þreps eða palls.“



Mynd 4. Sneiðing með dæmi um klæðningu á handriði með láréttum eða hallandi rimlum, öll mál í mm

- 4 4. mgr. 6.5.3 gr.: Þetta ákvæði á við um öll glerhandriði hvort sem þau eru innanhúss, utanhúss eða á svölum. Þetta er til þess að fyllsta öryggis sé gætt til dæmis ef glerhandrið brotnar þá verður handlistinn eftir og hindrar að fólk falli með glerinu.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	28.8.2012
2.0	1. breyting byggingarreglugerðar	5.7.2013
2.1	Smávægilegar leiðréttingar	12.7.2017
2.2	Letur stækkað	25.6.2018
2.3	Tilvísanir fjarlægðar	7.10.2019
2.4	MVS breytt í HMS	6.2.2020
2.5	Yfirlit yfir breytingar og textabreytingar	22.12.2020